

Grunnskóli Húnaþings vestra  
Góður skóli – gjöful framtíð  
Kennsluáætlun



**Námsgrein:** Heimilisfræði

**Bekkur/hópur:** 2.bekkur

**Kennari:** Berglind Guðmundsdóttir

**Tímabil:** haustönn 2023 – vorönn 2024. Hver nemandi kemur í heimilisfræði aðra hvora viku allan veturinn.

Hæfniviðmið: að nemandi geti:

- tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
- valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.
- farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
- útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.
- tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.
- sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

Helstu námsbækur og gögn:

- Heimilisfræði 2 <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/heim2/>
- Ýmist ítarefni af heimasíðum Menntamálastofnunar, Embætti landlæknis og Sorpu t.d. sögur, söngvar og leikir sem tengjast mataræði, tannhirðu og umhverfinu.

Námsmat:

Leiðsagnarmat þar sem nemandi fær stöðuga endurgjöf um nám sitt ásamt ábendingum um það hvernig hann geti bætt sig. Könnuð er hæfni nemenda til að beita þekkingu sinni og leikni auk þess sem tekið er tillit til eftirfarandi þátta: virkni í tímum, umgengni, samvinnu og framkomu. Einnig eru hæfniviðmið og lykilhæfni metin. Einkunn er gefin sem umsögn og/eða bókstafur um áramót og í lok skólaárs. **Lykilhæfni:** sjá má lykilhæfni sem metin er á heimasíðu Grunnskóla Húnaþings vestra <https://grunnskoli.hunathing.is/static/files/lykilhaefni-vidmid-bara-toflur-.docx.pdf>

**Verkefni:**

- gersveppurinn bls.16, sesamstangir bls.16
- ég sé bls.29, ávaxtasalat/pinnar bls.6
- ég get borðað regnbogann bls.28, regnbogagrænmeti bls.10
- orðin sem við notum bls.23, kryddbrauð bls.21
- fæðuhringurinn bls.27, spariskyr bls.8
- súkkulaðismákökur bls.19
- piparkökur
- skreyta piparkökur
- hættur í eldhúsi, uppþvottur bls.4, bananabúst bls.8
- matargerð fyrr og nú bls.30, grænmetissúpa bls.11
- tannhirða bls.24, banananammi bls.22
- hvað er hollt og hvað er óhollt bls.25, hreiður bls.14
- umhverfið okkar bls.26, brauðdýr bls.15
- eftirréttur bls.9
- jákvæð samskipti við matarborð bls.5, tortillabitar bls.12
- hvað heita eldhúsáhöldin bls.31, súkkulaðikaka bls.20
- pitsa bls.17
- skólataskan mín hrein og fín bls.32, sparikúlur bls.18
- gróðursetning að vori - blóm og matjurtir